

# Ályktanir aðalfundar lækna ráðs Landspítala

18. maí 2013

## **I. Húsnæðismál á Landspítala**

Landspítalinn er rekinn í um 100 byggingum á 16 stöðum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Viðhald á þessum byggingum hefur setið á hakanum í niðurskurði undanfarinna ára. Áhrifa þess er farið að gæta í lélegum húsakosti. Brýnt er fyrir starfsemi spítalans, ekki síst þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra, að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað.

Lækna ráð Landspítala skorar á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta.

## **II. Heilbrigðismál í forgang**

Niðurskurður hin síðari ár hefur gengið nærri starfsemi Landspítalans. Hann hefur leitt til fækkunar á sjúkrarúmum og á starfsfólki þrátt fyrir aukin verkefni. Úrræðum utan spítalans eru um margt ábótavant meðal annars fyrir aldraða og geðfatlaða. Valstarfsemi hefur dregist saman og biðlistar fyrir sjúklinga lengjast.

Lækna ráð Landspítala skorar á þá ríkisstjórn sem nú tekur við að setja heilbrigðismál í forgang.